

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Matthías Imsland	<b>Fundur nr. :</b>	<b>7</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Dagbjört Hannesdóttir (DH) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	<b>Dagsetning:</b>	16.11.2022
	<b>Frá kl.:</b>	
	<b>Til kl.:</b>	
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b> Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2	<u>Samstarfssamningur við Play</u> MI greindi frá nýjum samningi við Play. BSÍ fær með samningnum flugmiða til úthlutunar. Stefnt er á að nota miðana í kringum Bridgehátíð 2023 til að bjóða erlendum landsliðssveitum til landsins. Landsliðskeppni í opnum flokki og kvennaflokki er síðan áformuð í kjölfar Bridgehátíðar. 2024 er ætlunin að nýta miðana til að bjóða keppnisstjórum á Bridgehátíð til landsins.
3	<u>Bridgeskólinn</u> Ákveðið hefur verið að BSÍ taki yfir umsjón Bridgeskólans. Guðmundur Páll mun áfram vinna við skólann en sem verktaki. Yngri en 14 ára námskeið gekk vel og var ágætlega sótt. Fleiri en 40 eru skráðir á fullorðinsnámskeið í janúar. Gunnar Björn og Magnús Eiður munu sjá um kennsluna. Útbúin hafa verið gjafabréf á námskeiðin sem BSÍ mun selja fyrir jólin. Bridgekvöld fyrir nýliða eru einnig á næstunni og námskeið fyrir lengra komna verða í vor og næsta haust í umsjón Guðmundar Páls.
4	<u>Starfið fram undan</u> Deildakeppnin verður haldin helgina 19. til 20. nóvember og stefnir í ágætis þátttöku.
5	<u>Reksturinn</u> MI greindi frá því að COVID-styrkur er væntanlegur. En því miður hefur Bridgesambandið orðið mjög útundan þegar kemur að COVID styrkjum. Áfram verður reynt að finna öfluga fjárhagslega bakhjarla enda er það mikilvægt fyrir rekstur sambandsins næstu misseri og til að geta hrundið af stað ýmsum átaksverkefnum.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
6	<p><u>Samningur við Hörpu v/Bridgehátíðar</u></p> <p>Forsvarsmenn Hörpu hafa samþykkt framlengingu á samningi v/Bridgehátíðar til næstu þriggja ára.</p> <p>Samþykkt af stjórn að gengið verði frá framlengingunni til næstu þriggja ára.</p>
7	<p><u>Bridge fyrir alla</u></p> <p>Þættirnir á Hringbraut gengu vel og mikið áhorf. Verið er að skoða möguleika á framhaldsseríu.</p>
8	<p><u>Landsliðsmál</u></p> <p>Ekki rædd á þessum fundi vegna tímaskorts. Verða rædd á næsta fundi.</p>
9	<p><u>Íslandsmótið í sveitakeppni</u></p> <p>MI hefur skoðað ýmsa kosti og fengið tilboð í nokkra sali til að hýsa undanúrslitin. Ljóst er að góður salur kostar verulega mikið og það er ekki réttlætanlegt að eyða verulegum fjármunum í sal. Almennt hafa salir á hótelum hækkað mjög mikið í verði.</p> <p>Hagkvæmur kostur er Fjölbrautaskólinn í Ármúla. Aðstaða þar er nokkuð góð og hefur verið tekin út af framkvæmdastjóra og hluta af mótanefnd. Hægt er að bæta lýsingu og fleira og búa til góða aðstöðu.</p> <p>Þar sem aðstaðan í FÁ er hagkvæm, væri hægt að bjóða upp á frítt kaffi fyrir þátttakendur á meðan á mótinu stendur og e.t.v. fleira. Stjórnin sammála um að FÁ hljómar sem góður kostur. MI tekur málið áfram.</p>